

Mál nr. 12/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 14. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 12/2013

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 21. maí 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann Z við tíkina Q án þess að rakkinn hafi verið með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 4. júní 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 2. júlí. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 7. nóvember þar sem henni var gefinn viðbótarsvarfrestur til 14. nóvember. Kærða virti ekki heldur viðbótarfrest og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um að kærða myndi halda uppi vörnum í málinu né útskýra meint brot sitt þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 22. apríl 2013 var rakkinn Z paraður við tíkina Q hinn 29. nóvember 2012. Hundarnir eru af hundakyninu Australian shepherd og er rakkinn í eigu kærðu. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða nýtti sér ekki andmælarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðan framlengdan frest, né reyndi hún að útskýra á nokkurn hátt meint brot sitt.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Australian shepherd:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Ræktunarbann er á hunda sem greinasrt með arfgengt cataract, (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru settir í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 29. nóvember 2012 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Australian shepherd skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ .

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Fyrir liggur að kærða hefur farið með rakkann í augnskoðun eftir pörunina þar sem í ljós kom til allra heilla að hann stóðst skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

En þar sem kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þykir hæfileg refsing vera áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

---

Guðríður Valgeirsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir